

Hrafnhildur Valgarðsdóttir

KÓNGAR Í RÍKI SÍNU


og krumminn á skjánum



Hrafnhildur Valgarðsdóttir

KÓNGAR Í RÍKI SÍNU

og krumminn á skjánum



KRASS
1998

1. kafli:

Krummi

Vorsólin skein skært á þá vini Lalla og Jóa þar sem þeir hjóluðu upp langa brekku. Þeir voru að fara í kofann sinn sem þeir höfðu byggt síðastliðið sumar. Tíkin Rola rölti á eftir þeim en þurfti samt öðru hvoru að taka á sig krók og skoða ýmislegt vel og vandlega. Hún var með nafið oní flestu sem á vegi hennar varð, þefaði og krafsaði og svo þurfti hún að pissa, sérstaklega ef hún sá staur eða stóran stein. Strákarnir voru þöglir í hitanum og Rola virtist alsæl í eigin heimi.

“Ég vona að kofinn sé í góðu standi eftir veturinn,” sagði Jóí.

“Já, það vona ég líka,” stundi Lalli og strauk svitann af enninu. “Rosalega er heitt.”

“Farðu úr eins og ég,” sagði Jóí. Hann var ber ofan í mitti í stuttbuxum og berfættur í strigaskónum, en Lalli var bæði í þykkum íþróttagalla og sokkum.

“Æ, ég fer úr þegar við komum upp að kofanum,” sagði hann lágt. Hann var of feiminn til að hjóla ber. Honum fannst að fólk gæti séð alveg inn í hjartað á sér ef hann væri ekki í fötum. Það var annað með Jóa. Hann var stór og stæltur og húðin á honum var dökk eins og á útlendingi en Lalli var

eitthvað svo voðalega hvítur og mjór. Nei, hann ætlaði ekki að fara úr peysunni fyrr en þeir væru komnir upp í kofa. Þar sá þá enginn því að kofinn var í hvarfi bak við hól.

Og þarna var kofinn – kofinn þeirra.

“Hann er í fínu lagi,” sagði Lalli og skoðaði hann í krók og kring.

“Já, hann kemur vel undan vetri,” sagði Jói eins og vitur bóndi.

Lalli fór úr peysunni og henti sér niður í kalt grasið en Jói sparkaði af sér skónum og hljóp niður að læk sem rann þarna rétt fyrir neðan.

“Komdu í lækinn maður,” kallaði hann og óð út í ískaldan og frískandi lækinn. Þar stóð hann og drakk vatnið úr lófum sér þegar Rola öslaði út í til hans. Jói skvetti á Rolu og stríddi henni góðlátlega. Svo kom Lalli hlaupandi, búinn að klæða sig úr peysunni og bretta upp skálmarnar á buxunum og hann skellti sér líka út í lækinn. Rola fór fljótlega uppúr og hristi sig svo að gusurnar gengu í allar áttir, en strákarnir héldu áfram að vaða og athuga lækinn. Þeir sáu hornsílin skjótast milli bakkanna og reyndu að grípa þau en það var hægara sagt en gert. Allt í einu fór Rola að gelta



og láta öllum illum látum.

“Sjáðu krummann,” hrópaði Jói. “Hann ætlar alveg að gera útaf við Rolu greyið.”

Stór hrafn flaug svo nálægt Rolu að við lá að vængirnir á honum strykjust við bakið á henni. Hún vissi ekki hvort hún ætti að reyna að bíta þennan ólukkans fugl eða flýja undan honum. Aumingja Rola fór öll í flækju. Hún hljóp á þúfu og kútveltist eins og kjáni en það var eins og krumminn færi að skellihlæja. Honum tókst að gera hana svo ringlaða að loks stóð hún bara og snerist í hringi en krumminn beit eldsnöggt í skottið á henni og flaug svo gargandi í burtu.

“Brjálaður hrafn,” sagði Lalli undrandi.

“Já, alveg snarvitlaus,” sagði Jói og gat ekki stillt sig um að hlæja. “Sjáðu svipinn á Rolu. Hún er alveg í rusli.”

Þeir hlógu dálítið að aumingja Rolu.

“Hún er óttaleg rola, enda heitir hún líka Rola,” sagði Lalli hlæjandi.

Strákarnir fóru að kofanum og opnuðu dyrnar. Sterk rakalykt kom á móti þeim. Þeir tóku hlera úr gluggum og leyfðu hreinu lofti að komast inn.

“Hér er allt í fínu lagi,” sagði Jói ánægður. Við getum farið að gista hérna um leið og við höfum loftað svolítið betur út.”

Þeir lögðu sig í grasið við kofann sinn og ræddu málin. Það var ýmislegt sem þurfti að gera á þessum bæ. Það þurfti að setja niður kartöflur og

laga girðinguna í kringum garðinn. Svo væri ágætt ef þeir gætu málað kofann og þeir þurftu líka nauðsynlega að hlaða grill svo þeir gætu grillað sér kjöt.


“Við gröfum bara litla holu, hlöðum upp steinum í kring, setjum álpappír í botninn og grillkol þar ofan á. Svo kaupum við okkur grind til að setja efst. Þá getum við sko grillað okkur hvað sem er,” sagði Jói.

“Já og þá getum við líka verið hérna í heila viku án þess að fara heim,” sagði Lalli ánægður.

“Nei, eiginlega ekki því að ég þarf að mæta í vinnuna, en þú manst að ég er sendill og aðstoðarmaður hjá kaupmanninum á sumrin og ég byrja strax á morgun.”

“Æ, ég var búinn að gleyma því,” sagði Lalli vonsvikinn.

Þeir létu fara vel um sig í sólinni, hlustuðu á fuglasönginn og rennslið í ánni og nutu þess að vera til. Stöku sinnum heyrðu þeir galtið í Rolu sem hljóp út og suður og eltist við eitthvað en þeir nenntu ekki að athuga hvað það var. Það var ekki fyrr en Rola kom í hendingskasti og stökk yfir fætuna á þeim, að þeir settust upp og athuguðu málið. Þá sáu þeir hvar krumminn sat rétt hjá þeim.



“Hann situr ofan á skónum mínum,” sagði Lalli undrandi.

Krumminn sat ofan á skónum hans Lalla og var að rekja úr honum reimina eins og ekkert væri auðveldara. Rola urraði lágt en virtist ekki þora að fara nálægt þessum stóra, svarta fugli.

“Vá, sjáðu hvað hann er klár,” sagði Jói. “Hann dregur reimina úr skónum alveg án þess að hún slitni eða flækist. Hann virðist þaulvanur að draga reim úr skó.”

“Ég ætla að fæla hann burt,” sagði Lalli og stóð upp.

“Nei, þá flýgur hann kannski burt með skóinn þinn,” sagði Jói.

Lalli, Jói og Rola fylgdust undrandi með krummanum toga reimina úr einu gati af öðru og virtist alveg sama þó að Rola urraði að honum. Loks hafði hann rakið alla reimina úr skónum. Þá hnoðaði hann henni saman í kúlu, hoppaði til og frá, greip hana svo í klær sér og flaug þyngslalega í burt.

“Þar fór reimin þín í flugferð,” sagði Jói og hló.

“Rosalega var þetta flott hjá honum og rosalega eru krummar stórir, svartir og flottir,” stundi Lalli. “Ég hefði ekkert á móti því að eiga einn svona fugl en ég býst ekki við að mamma myndi samþykkja það. Ég ætla nú samt að taka með mér eitthvað til að gefa honum í gogginn næst þegar ég fer hingað uppeftir.”

“Það er ekkert víst að hann komi aftur.”

“Jú, ég finn það á mér. Hann kemur aftur.”

2. kafli:

Pési rugludallur

Strákarnir voru fljótir að hjóla niður brekkuna og alla leið inn í litla þorpið þar sem þeir bjuggu. Rola hljóp glaðlega á eftir þeim. Hún þurfti að komast heim til hvolpanna sinna sem vældu allir í hrúgu og vildu fá mömmu sína heim.

Jói renndi hjólinu upp að gömlu bárujárnshúsi, húsinu hennar ömmu Kötú, en Lalli hélt áfram með Rolu hlaupandi á eftir sér. Hann átti heima lengra inni í bænum.

“Við sjáumst á eftir,” kallaði Lalli og hvarf niður götuna.

Jói stökk upp tröppurnar. Hann vissi að Pétur rithöfundur var staddur hjá ömmu Kötú því að gamli bílskrjóðurinn hans var fyrir utan. Og það var rétt. Við eldhúsborðið sat Pétur með kaffibollann og pípuna en á borðinu var risastór súkkulaðiterta alveg ósnert. Augun ætluðu út úr höfðinu á Jóa og hann gat ekki tekið þau af þessari brúnu risatertu.

“Jæja, ertu kominn garmurinn minn,” skrækti amma Kata glöð þegar hún sá Jóa. “Sjáðu þetta súkkulaði-skrímsli sem hann Pési minn kom með. Ég er viss um að ég dett niður dauð ef ég sett þetta ofan í mig. Svona terta er ekki ætluð kerlingaskari eins og mér.”

“Svona nú Katan mín, þú verður fögur eins og yngismær ef þú færð þér almennilega sneið,” suðaði Pési og gjóaði augunum á Jóa. Hann kærði sig ekkert um að strákurinn borðaði alla tertuna. Honum sýndist að Jóí gæti gleypst hana í einu lagi því að þó að hann væri bara 11 ára var hann stór eins og uxi. “Strákurinn fær líka sneið, ég skal meira að segja hjálpa ykkur að skera djásnið,” sagði hann smeðjulega. Hann ætlaði að fylgjast vel með hver borðaði þessa dýrindis köku því að hún átti ekki að fara öll ofan í gráðugan strák.

“Fögur eins og yngismær, o sussu svei,” skrækti amma Kata og hristi sig alla. “Þú ert alltaf sami rugludallurinn Pési litli. Það þyrfti að ala þig dálítið upp. O jamm, það held ég nú.” Hún setti diska á borðið og Jóí gat ekki betur séð en að pínulítið bros væri í augunum á henni meðan Pétur skar vænar sneiðar handa þeim öllum.

“Áttu ekki einn disk enn?” spurði Pétur og leit á ömmu.

“Hvurslags er þetta? Þarftu tvo diska?” spurði amma hvasst.

“Nei, en það er hún Petra litla. Hún ætlar að koma hér við og verða samferða mér heim.”

Amma kom með annan disk en Jói fann hjartað slá örar. Petra var sæt. Hún var meira að segja voðalega sæt, svo fíngerð með svart, sítt hárið niður á rass. Hún minnti hann á indíána eða fiðrildi eða bara eitthvað skrýtið. Og hann hafði alltaf átt erfitt með að glápa ekki á hana þegar hún var nálægt.

“Sko, þarna kemur hún skoppandi, litla prinsessan mín,” sagði Pétur og benti brosandi út um eldhúsgluggann.

“Hæ amma Kata,” skríkti Petra og hoppaði inn í eldhúsið. Hún tók utan um ömmu og var næstum búin að velta henni um koll.

“Það er naumast gangurinn í þér druslan mín,” sagði amma og tók harkalega í handlegginn á Petru. “Ætlaðu að verða alveg eins og hann afi þinn hérna? Það er þó gæfulegt eða hitt þó heldur.”

“Hæ Jói,” söng Petra og hoppaði um.

“Svona sestu niður krakkagrey. Þú ert eins og skopparabolti,” hvein amma Kata illskulega.

Pési skar tertusneið handa Petru sinni.




“Ég borða ekki tertu með sultu,” skríkti Petra.

“Það er næstum engin sulta, bara súkkulaði...”
Pési tók hnífinn og reyndi að skafa mjóa sulturönd af tertunni. Amma Kata hvein og reifst yfir þessu dekur-standi með stelpukvölinu en Jói fékk sér aðra sneið, helmingi stærri en þá fyrri.

Og mitt í öllum látunum kom Kolur, stóri, svarti kötturinn hans Jóa með eitthvað svart og lifandi í kjaftinum og lagði það við fætur ömmu Kötú.

“Kemur hann nú ekki heim með lifandi rottu,” hrópaði Pétur og stökk upp af stólnum.



En þetta var ekki rotta heldur stór andarungi og hann hljóp tístandi um eldhúsgólfið. Jóa tók hann upp.

Unginn var allur útataður í sandi því að Kolur virtist hafa velt honum á undan sér langar leiðir. Hann hafði fært heimilinu mat og var ánægður með sig. Hann strauk sér nú upp að fótum ömmu Kötú og malaði. En amma Kata kunni lítið að meta gjafir hans.

“Komdu þér út kvikindið mitt,” sagði hún góðlega og ýtti við kisa. Svo settist hún við borðið og skoðaði andarungann sem Jói hélt á. “Hann er vel lifandi ræfillinn litli. Það þarf bara að koma honum í vatn. Hann Jói minn sér nú um það.”

“Er lífið ekki stórkostlegt,” sagði Pési. “Sjáið t.d. þennan kött. Hann veiðir sér til matar. Kóngulóin spinnur sér vef og veiðir flugur og annað gott í net sitt. Flugurnar leita að litfögnum blómum til að ná sér í hunang...” Það var eins og Pétur rithöfundur væri að fara með ljóð.

“Hættu þessu bölvaða rugli strákur,” sagði amma Kata reiðilega.

“...en járnsmiðurinn,” hélt Pétur áfram, “hann hleypur bara og hleypur eins og vitleysingur. Og kannski, já ég sagði kannski verður einhvern tímann eitthvað á vegi hans sem hann getur étið og kannski ekki. Ég held að járnsmiðir séu heimskustu dýr jarðarinnar!” Pétur rithöfundur tottaði pípuna sína í gríð og erg og var ánægður með gáfur sínar. “Já, ég hugsa mikið um lífið og tilveruna.”

“Já, það má nú segja,” sagði amma þreytulega.

“Ég ætla að fara með þennan andarunga niður að tjörn,” sagði Jói og stóð upp. Enginn hafði tekið eftir því að fína súkkulaði tertan hafði horfið hljóðlaust ofan í magann á honum.

“Ég kem með,” tísti Petra. Hún kyssti afa sinn og ömmu Kötu rembingskoss og hoppaði út á eftir Jóa.

“Vertu ekki lengi Petra litla og passaðu þig að drukkna ekki í tjörninni,” kallaði Pési áhyggjufullur á eftir prinsessunni sinni. Svo gjóaði hann augunum á tóman tertudiskinn og hristi höfuðið. Hún Kata gamla átti sannarlega gráðugan strák!

3. kafli:

Algjör dýragarður

Jói og Petra röltu niður að tjörn. Þar syntu endur með ungana sína og köfuðu eftir æti. Þegar Jói sleppti unganum rak hann upp háværan skræk. Svo synti hann í burtu eins hratt og hann komst. Eftir smástund var hann horfinn í hóp hinna unganna og Jói vissi að allt yrði í lagi með hann.

Petra hoppaði og skoppaði og talaði stanslaust. Hana langaði svo ægilega mikið til að eignast hvolp. Hún vissi að tíkin hans Lalla átti fjóra hvolpa.

“Gerðu það Jói, komum heim til Lalla,” suðaði hún eins og lítill krakki. “Ég vil hvolp. Ég ætla að fá hvolp. Ég skal fá hvolp...”

“En þú verður að spyrja afa þinn fyrst,” sagði Jói ákveðinn.

“Nei, ég spurja afa ekki neitt! Hann gera allt sem ég vil og ég vil hvolp,” gólaði Petra frekjulega og hoppaði í hringi.

Jói vissi að mamma hans Lalla var orðin þreytt á öllum þessum hvolpum sem ultu um húsið hennar og pissuðu út um allt. Hann vissi líka að það yrði erfitt að losna við hvolpana. Þess vegna ákvað hann að fara með Petru heim til Lalla og athuga málið.

Þau hringdu bjöllunni heima hjá Lalla.

“Svakalega flott hús,” skríkti Petra. “Næstum eins og húsið okkar heima í Ameríku – en það er bara hvítt og svo er það með ekki svona gluggum og...”

Dyrnar opnuðust og mamma hans Lalla stóð fyrir framan þau. Hún hélt á Lovísu litlu á handleggnum og brosti til Jóa og Petru. Jói varð allur feiminn og horfði niður fyrir sig.

“Er Lalli heima?” spurði hann lágt.

“Neiiii, sko hvolpinn,” skrækti Petra og ruddist inn fyrir dyrnar. Þar sat lítill hvolpur og horfði döprum hvolpsaugum á þau. Petra þreif hann upp og kyssti hann og kjassaði. “Æ lov jú,” stundi hún og ætlaði alveg að éta hvolpinn. Mamma hans Lalla brosti og horfði spyrjandi á Petra og Jóa til skiptis.

“Þe... þetta er hún Petra,” sagði Jói. “Hana langar svo í hvolp.”

“Jæja, svo að þetta er hún Petra sem kom frá Ameríku til að búa hér hjá honum afa sínum,” sagði mamma góðlega. “Komdu inn Jói minn, ég skal ná í hann Lalla.”

Stuttu seinna birtist Lalli. Hann horfði undrandi á Petru en Jói sagði honum að hana langaði svo ægilega mikið í hvolp, en.. “hún á samt eftir að spyrja afa sinn. Ég sagði henni að hún fengi engan hvolp nema spyrja hann fyrst.”

Lalli kinkaði kolli. Þessi Petra. Hún var snarvitlaus. Svo asnaleg og alltaf blaðrandi eitthvað bull.

“Má ég eiga þennan?” spurði Petra og horfði biðjandi á Lalla.

“Já, ef afi þinn kemur og sækir hann,” sagði Lalli.

Petra ætlaði að fara að mótmæla en þá kom mamma hans Lalla og sagði ákveðin:

“Afi þinn verður að koma að sækja hann, annars færðu engan hvolp Petra litla.”

Petra virtist móðguð. Það hnussaði í henni en svo fór hún aftur að kela við hvolpinn og segja: “Æ lov jú, æ lov jú”.

Lalli og Jói voru alveg búnir að fá nóg af þessu ælovjú-væli.

“Komdu,” sagði Jói og hnippti í Petru. “Komdu, við skulum fara og ná í afa þinn.”

En það var hægara sagt en gert að koma Petru út aftur. Hún vildi ekki sleppa þessu litla kríli hvað sem hver sagði. Það var ekki fyrr en hún fann volgt pissið úr hvolpinum renna eftir handleggnum á sér að hún loks sleppti honum. Og henni fannst það rosalega sniðugt að hann skyldi bara pissa á sig. Hún hló og hló.

Lalli var dauðfeginn þegar Jói og Petra voru loksins farin. Hann tók hvolpinn og fór með hann til Rolu sem lá á ganginum. Hvolparnir hennar fjórir klifruðu um hana alla, nöguðu á henni eyrun, sugu á henni spenana og bitu hana hvar sem þeir náðu til og svo pissuðu þeir út um allt og líka á hana. Þetta er sannarlega þreytandi hópur, hugsaði Lalli. Mamma hans var orðin ægilega þreytt á þessum dýragarði á

heimilinu og hann vissi að nú yrðu hvolparnir að fara. Hann vissi líka að Branda, kisan hans yrði að fara aftur í sveitina. Hún var stöðugt að koma heim með mýs og fugla og svo rótaði hún í blómabeðunum í garðinum. Og Lalli var alltaf á nálum um að mamma kæmist að því að Branda svaf stundum í rúminu hennar Lovísu. Hann vissi að ekkert gerði mömmu reiðari en einmitt það.

“Ég ætla að útbúa auglýsingu um hvolpana og hengja upp í búðinni,” kallaði hann til mömmu.

“Já, mikið yrði ég nú fegin elskan mín, þetta ástand er að gera út af við mig,” kallaði mamma hans glöð.

Lalli útbjó auglýsingu þar sem stóð að hvolpar fengjust gefins en aðeins með samþykki fullorðinna. Hann ætlaði ekki að láta hvolpana til fólks sem vildi kannski ekki sjá þá. Meðan hann var að skrifa með stórum stöfum á blað, kom Lovísa systir hans skríðandi eftir gólfinu. Hún stefndi beint á stólinn þar sem Branda lá og svaf.



Lovísa var hrifin af Bröndu og nú vildi hún tala við hana. Hún reyndi að standa á fætur en datt aftur og aftur á rassinn. Loks tókst henni að tosa sig upp og standa í fæturna. Hún var montin með sig, hló og skríkti. Og hún vildi klappa kisu sinni. Litlar hendur gripu í feldinn á Bröndu og kreistu fast. Branda rak upp vein en Lovísu brá svo að hún sleppti takinu en ætlaði að grípa í skottið á Bröndu til að detta ekki. Lalli sá hvað verða vildi og stökk til þeirra. Hann rétt náði að stöðva það að Lovísa næði í skottið og drægi Bröndu með sér ofan á gólf. Hann tók litlu systur upp, kjassaði hana og kyssti, leyfði henni að klappa Bröndu svolitla stund og lét hana svo aftur á gólfið. Það var eins gott að Branda hafði ekki sett klærnar í Lovísu. Mamma hefði nú ekki verið ánægð með það.

4. kafli:

Branda fer í sveitina

Lalli sat í bílnum hjá pabba sínum og í fangi hans brólti Branda. Hún hafði verið ánægð með að fara í bílinn til að byrja með en eftir smástund fór hún að væla. Hún vældi hærra og hærra. Pabbi hló en Lalli átti fullt í fangi með að hemja þessa væluskjóðu. Þeir voru að fara með Bröndu aftur í sveitina, en þaðan hafði hún strokið. Leiðin lá framhjá staðnum þar sem kofinn þeirra Lalla og Jóa var en kofinn sást ekki frá veginum. Aftur á móti veitti Lalli því athygli að stór krummi sveimaði yfir staðnum. Hann sagði pabba sínum frá krummanum sem þeir Jói höfðu séð og hvað hann hafði verið spakur.

Þú ert líklega að tala um hrafninn sem var alinn upp á bæ hér rétt hjá,” sagði pabbi. “Hann var tekinn í fóstur sem lítill ungi en varð svo algjör plága og fólkið hrakti hann í burtu. Hann stal öllu steini léttara og gat t.d. aldrei séð skó í friði án þess að rekja úr þeim reimarnar.”

“Það var einmitt það sem hann gerði við mína skó,” sagði Lalli og þeir hlógu dátt.

Þá er það mjög líklega sami hrafninn. Það er gaman að þessum greyjum,” sagði pabbi góðlega.

“Ég er hræddur um að lífið væri fátæklegt ef lítið væri á dýrin aðeins sem fæðu eða jafnvel sem óvini. Það gerir manninn betri að kynnast dýrunum og tala við þau. Og enginn launar betur fyrir sig en dýrin. Sjáðu hana Bröndu hérna. Aldrei hefur hún gert okkur neitt nema gott og aldrei hefur hún fært okkur neitt nema hlátur og gleði.”

“Jú, mýs og fugla,” sagði Lalli hlæjandi.

Þeir voru nú komnir að bóndabæ. Lítill hundur flaðraði upp um þá og Branda varð óróleg í fanginu á Lalla. Bóndinn kom á móti þeim og heilsaði ánægður að sjá þá.

“Gott að fá Bröndu aftur,” sagði hann og klappaði henni. “Farðu bara með hana út í hlöðu Lalli minn, þar er nóg af músum handa henni. Svo kemur hún í fjósið til mín í kvöld þegar ég fer að mjólka kýrnar og fær mjólkursopann sinn. Hún kann þetta allt hún Branda.”

Lalli rölti með Bröndu að hlöðunni. Hann sá menn með veiðistangir lengra í burtu. Þeir renndu fyrir fisk í stórri á sem liðaðist um sveitina. Hann kyssti Bröndu og sleppti henni lausri. Hún virtist strax kannast við sig og stökk ánægð inn í hlöðuna en Lalli hafði fengið hugmynd í kollinn. Hann fór aftur þangað sem pabbi og bóndinn stóðu og töluðu saman.

“Hvaða beitu nota veiðimennirnir þarna?” spurði hann bóndann.

“Það er nú misjafnt,” svaraði bóndinn.

“Nota þeir kannski ánamaðka?” spurði Lalli.

“Já, já, það má nú alltaf nota ánamaðka í veiðiskapinn,” sagði bóndinn.

“Hvað borga þeir fyrir stykkið?” spurði Lalli.

Pabbi hans horfði steinhissa á son sinn en bóndinn brosti breitt. “Þeir borga örugglega vel því að sumir vilja helst veiða á ánamaðka en hafa ekki getað útvegað sér nóg af þeim og vantar alltaf fleiri. En þeir vilja stóra ánamaðka, ekkert smælki.” Hann hló. “Ég skal kanna málið og hringja til þín.”

Þeir kvöddu bóndann og héldu aftur af stað heim. Pabbi var alveg undrandi á þessari hugmynd Lalla að selja veiðimönnum ánamaðka.

“Vertu bara ekkert að tala um þetta við hana mömmu þína,” sagði hann góðlega. “Konur eiga stundum erfitt með að skilja ýmislegt sem við karlmennirnir ræðum um.”

5. kafli:

Fljúgandi samloka

Lalli fór út úr bílnum hjá búðinni þar sem Jói vann. Hann hélt á auglýsingunni sinni og ætlaði að fá leyfi til að hengja hana þar upp. Jói stóð við peningakassann og einbeitti sér við að stimpla tölur inn í kassann. Kaupmaðurinn kom til Lalla.

“Það tók ekki langan tíma að kenna honum Jóa á kassann,” sagði hann og benti ánægður á Jóa. “Hann er orðinn allt múligmann hér í búðinni.”

Allt múligmann? Lalli skyldi ekki kaupmanninn en vissi að það hlaut að vera gott að vera allt múligmann fyrst kaupmaðurinn var svona ánægður. Lalli sýndi honum auglýsinguna og kaupmaðurinn sagði að það væri velkomið að hengja hana upp. Þeir hjálpuðust að við að finna stað og svo kom Jói til þeirra.

“Ég á eftir að ganga frá vöru sem var að koma og setja hana í hilluna en síðan er ég búinn að vinna í dag,” sagði hann við Lalla. “Ég er meira að segja búinn að útvega okkur málningu fyrir kofann og penslarnir fylgdu frítt með.”

Þeir komu sér saman um að Lalli færi heim og útbyggi nesti meðan Jói væri að ljúka vinnunni.

Skömmu seinna hjóluðu þeir vinir upp löngu brekkuna og upp í kofa. Rola hafði ekki fengið að fara með í þetta sinn. Á bögglaberanum hjá Lalla var verkfærataska og á stýrinu hékk plastpoki með nestinu þeirra en Jói hafði fest málningadótið á sinn bögglabera.

Strákarnir sökktu sér niður í vinnu, settu niður kartöflur, löguðu girðinguna í kringum garðinn og máluðu fyrstu umferðina á kofann, en þá ákváðu þeir að borða nestið sem Lalli hafði komið með. Það var enn á stýrinu – eða hvað? Hvar var nestið? Hafði hann gleymt því heima? Nei, hann mundi vel eftir að hafa hjólað með það dinglandi á stýrinu, en nú var það horfið. Varla hafði það dottið af, hann hefði tekið eftir því. En fljótlega kom skýringin – krummi. Krummi hoppaði um móann rétt hjá þeim með plastpoka í eftirdragi. Hann stoppaði snöggvast, krunkaði dimmum rómi og hoppaði svo í kringum pokann eins og hann væri að reyna að átta sig á hlutunum. Strákarnir sáu að þetta var nestið þeirra.

“Eigum við að leyfa honum að taka allt nestið okkar?” spurði Jói fúll.

“Nei, en við skulum sjá hvað hann gerir,” sagði Lalli og flissaði. “Ég tók með mér meira nesti en venjulega einmitt til að geta gefið krumma með okkur.”

Það var eins og krummi hefði aldrei gert neitt annað en að stinga hausnum ofan í plastpoka og tína upp úr honum mat. Fyrst fann hann köku, tók utan af

henni plastið og át hana svo alla. Síðan náði hann í tvo pakka af samlokum og lagði snyrtilega frá sér. Hann kíkti ofan í pokann, hugsaði sig um dálitla stund, hoppaði um svæðið nokkrum sinnum en ákvað svo að éta samlokurnar. Hann byrjaði að taka utan af annarri og vandaði sig vel eins og fínasta frú.

“Ég þoli ekki að horfa á hann éta samlokuna,” stundi Jói.

“Leyfum honum að eiga aðra og þú færð svo hina,” sagði Lalli glaðlega.

“Hvað ætlar þú þá að borða?” spurði Jói.

“Það er líka kexpakki í pokanum. Við skiptum honum á milli okkar. Slappaðu af mathákurinn þinn,” flissaði Lalli.

Krummi át samlokuna en skildi eftir eitthvað rautt.

“Hann vill ekki tómata. Ég verð að muna það næst,” sagði Lalli spekingislega.

“Nei, nú fer ég,” hvæsti Jói og æddi í átt að krummanum sem var að byrja að taka utan af seinni samlokunni. En þegar krummi sá Jóa nálgast flýtti hann sér að taka samlokuna og flaug með hana í burtu. Lalli gat ekki annað en skellihlegið en Jói varð fjúkandi reiður.

“Þarna fór samlokan þín í flugferð,” gólaði Lalli kátur.

Jói náði í plastpokann og var súr á svip. Hann kíkti ofan í hann.

“Nú, hér er bæði kexpakki og heil rúlluterta. Hvað komstu eiginlega með mikið nesti?” Jói virtist ekkert vera reiður lengur.

“Ég kom sko með nóg,” sagði Lalli stríðnislega. “Ég vissi að bæði þú og krummi væruð mestu mathákar í heimi.”

Strákarnir gátu ekki annað en hlegið og þegar krummi settist rétt hjá þeim með samlokuna sína og byrjaði að taka utan af henni var hann eins og þriðji strákurinn í hópnum.

6. kafli:

Blúnda

“Vaknaðu Lalli minn.” Pabbi ýtti varlega við Lalla sem lá steinsofandi í rúminu sínu. “Hann Pétur rithöfundur og stelpan hans eru að spyrja eftir þér.”

Lalli spratt upp úr rúminu og flýtti sér í fötin.

“Þau vilja fá að skoða hvolpana,” sagði pabbi glaðlega.

Klukkan var ekki orðin 8 að morgni og samt stóðu Pési bullari og Petra í forstofunni og vildu fá að skoða hvolpana.

Petra stökk á móti Lalla. “Hvar eru hvolparnir?” spurði hún æst.

“Svona, svona Petran mín, vertu stillt og kurteis,” sagði Pési vandræðalega. “Hún gat bara ekkert sofið í nótt því að hún var svo spennt að fá hvolp. Hún rexaði og pexaði stöðugt í mér svo að ég gat heldur ekkert sofið.” Pési leit út eins og eldgamall karl sem hafði hvorki rakað sig né greitt og svo var hann rauðeygður af svefnleysi.

En Petra var frísk. Hún hoppaði um og kolsvart hárið flaksaðist um hana alla. Lalli vildi ljúka þessu af sem fyrst. Hann þoldi ekki að vera nálægt Petru lengur en nokkrar mínútur. Þessi síhoppandi frekjudós gerði hann alveg vitlausan.

“Komið inn,” sagði hann og benti þeim að koma með sér. Í horni undir stiganum lá Rola með hvolpana sína og steinsvaf en hvolparnir vöknuðu hver af öðrum og fóru strax að brölta um og leita að spena.

“Þarna er hann,” hrópaði Petra og þreif upp einn hvolpinn. Hún þrýsti honum að sér, kyssti hann og kjassaði og hvíslaði aftur og aftur: “Æ lov jú.”

En hvolpurinn var nývaknaður og þurfti auðvitað að pissa. Lalli hljóp til, náði í klósettpappír og reyndi að þurrka það mesta af Petru, en hún flissaði bara.



“Ég ætla að skíra hann Blúndu,” skríkti Petra.

“En þetta er strákur,” sagði Lalli.

“Og hvað með það?” Petra var þrjósकुleg.

“Hvolpastrákar geta alveg heitað Blúnda!”

Lalli nennti ekki að þrasa við hana og yppti bara öxlum. Pési tók upp veskið sitt og spurði hvað

hvolpurinn kostaði en Lalli sagði að hann kostaði ekki neitt.

“Þið verðið bara að fara vel með hann,” sagði hann ákveðinn.

“Auðvitað gerum við það,” sagði Pétur og virtist hneykslaður. “Ég er nú gamall sveitamaður og kann að fara með dýr. Komdu nú Petra litla. Við skulum athuga hvort amma Kata er ekki vöknuð og búin að hella upp á kaffi þó að klukkan sé bara 8.”

Mikið var Lalli feginn að vera laus við þau úr húsinu. Honum fannst samt hálf tómlegt að sjá bara þrjá hvolpa en ekki fjóra. Rola virtist ekkert hafa við málið að athuga. Hún vissi ekki að bráðlega myndu allir hvolparnir hennar hverfa. Kannski yrði hún bara fegin. Þeir voru orðnir of stórir til að hún réði almennilega við þá og hún var oft verulega þreytt á þeim.

Pési og Petra fóru til ömmu Kötu. Petra hélt á hvolpinum og kyssti hann stöðugt og kjassaði. “Blúnda litla æ lov jú,” hvíslaði hún stöðugt í eyra hans.

Amma var búin að hella upp á sterkt kaffi en það var einmitt það sem Pétur þurfti á að halda núna, svona svefnlaus og ómögulegur.

“Þetta er ekkert uppeldi á stelpunni. Þú lætur hana ráða yfir þér,” galaði amma Kata hneyksluð.

“Æ, já, það er ekki auðvelt fyrir gamlan mann eins og mig að ala upp litla prinsessu,” kvartaði Pétur.

En Petra var ekkert að hlusta á þau. Hún settist á gólfið og lék sér við hvolpinn sinn. Þá allt í einu heyrðist einkennilegt hljóð. Kolur kom inn í eldhúsið. Hann var með kryppu og hárin risu á honum öllum. Rófan virtist margfalt stærri en venjulega. Hann gekk hægt að Blúndu og urraði lágt næstum eins og hundur. Petra greip Blúndu og stökk í fangið á afa sínum. En Kolur stökk hvæsandi á eftir og vildi fá þennan hvolp. Hann kærði sig ekkert um að ókunnur hundur væri í sínu húsi. Hann ætlaði að klóra hann og bíta og reka hann burt í eitt skipti fyrir öll. Pési stóð eldsnöggt upp með Petru í fanginu og barði Kol en Kolur læsti klónum í buxurnar hans og hékk þar. Hann vildi ekki gefast upp. Það vildi til happs að Jói kom í þessu inn í eldhúsið. Hann sá hvað var að gerast og greip um hnakkadrambið á Kol. Síðan fór hann með hann út, klappaði honum og róaði hann niður.

“Já, það er rétt af þér að reka þennan hund burt úr þínu húsi,” hvíslaði Jói í eyrað á Koli, “en það má ekki bíta og klóra, það er alveg bannað. Ég skal reka hann burt fyrir þig.”

Hann lagði Kol frá sér og sá að hann hafði róast niður. Svo fór hann aftur inn í eldhús. Þar var Petra skælandi í fanginu á afa sínum.

“Þetta er aldeilis brjálaður köttur sem þú átt,” hrópaði Pési þegar hann sá Jóa.

“Ég ætla að láta þig vita það Pési minn bullari og rugludallur að þú skammar ekki drenginn á hans eigin heimili. Og kötturinn hefur fullt leyfi til að verja sitt heimili fyrir einhverju hundræksni. Farðu burt úr mínu húsi eða hegðaðu þér almennilega og biddu alla afsökunar!” Amma Kata var svo reið að það rauk næstum því úr henni.

Jói glotti. Hann horfði á Pétur og Petru. Þau voru eins og dæmd. Hvolpurinn vældi í fanginu á Petru.

“Svona, gefðu greyinu vatn að drekka,” sagði amma skipandi og rétti Petru skál með svolitlu vatni. “Þú gerir útaf við kvikindið með þessu áframhaldi.”

Jói sá að amma hafði stjórn á sínu heimili og réði öllu sem hún vildi ráða. Hann var stoltur af gömlu gribbunni henni ömmu Kötú og hann vorkenndi næstum því Pésa sem leit út eins og skömmustulegur gamall krakki.

“Æ, þetta er alveg rétt hjá þér Katan mín,” stundi hann. “Ég átti ekki að skamma strákinn og ég átti að vita betur en að koma með hund inn á heimilið þar sem köttur býr. Þið verðið að fyrirgefa gömlum manni sem er illa sofinn og þreyttur.”

“Svona strákur, hættu nú öllu væli, drekktu kaffið þitt og fáðu þér almennilegan mola með, þá skánar þetta allt,” sagði amma Kata mynduglega. “Hérna er mjólkurglas handa stelpukvölinni.”

Jói smurði sér brauðsneið og horfði útundan sér á þetta fólk sem var svo skrýtið. Hann vissi þó að það

var nákvæmlega svona sem hann vildi hafa þessa vini sína, nákvæmlega svona skrítna og asnalega.

Amma Kata skoðaði hvolpinn. “Hvurslags nafn er Blúnda? Veistu ekki að þetta er karlkyns hundur paddan mín?”

“Mér er alveg sama,” sagði Petra þrjóska.

“Þér er alveg sama! En heldurðu að einhver almennilegur hundur vilji heita Blúnda en vera samt karlkyns?”

“Hann er líka sama.” Petra gaf sig ekki.

“Jæja, jæja kvölin mín, hafðu það eins og þú vilt. Þetta er víst þinn hundur.”

“Hvernig væri að skýra hann Pardus?” sagði Jói. “Það er rosalega flott nafn, næstum eins og pardusdýr.”

Petra hugsaði sig um en varð svo ánægð á svip. “Já, það er flott og byrjar á P eins og nafnið mitt og nafnið hans afa. Pétur, Petra og Pardus. Já, rosalega flott nafn. Komdu Pardus,” söng Petra ánægð.

Og smám saman varð allt gott aftur. Amma og Pési töluðu saman um gamla daga, Petra lék við Pardus sinn en Jói dreif sig í vinnuna. Fyrir utan húsið sat Kolur.

“Já, sittu þarna og passaðu að engin ókunnug dýr ryðjist inn í þitt hús,” sagði Jói hlæjandi og klappaði þessum svarta, stóra ketti sínum um hausinn.

7. kafli:

Jói eignast bróður

Þegar Jói kom heim úr vinnunni þennan dag var amma Kata verulega fúl.

“Hvað er eiginlega að þér amma mín?” spurði Jói.

En amma vildi ekkert við hann tala, hnussaði bara og hvein yfir vondum heimi og leiðinda krökkum. Svo hringdi síminn og Jói svaraði. Það var Símon, maðurinn sem var trúlofaður mömmu hans.

“Jói minn. Þú hefur eignast lítinn bróður,” sagði Símon hamingjusamur. “Mamma þín er á spítalanum og bróðir þinn er stærsta og fallegasta barnið þar. Þú verður að koma í heimsókn um leið og mamma þín kemur aftur heim.” Símon var óðamála og Jói gat séð hann fyrir sér brosandi út að eyrum af hamingju. En það var eins og fæturnir á honum Jóa breyttust í eitthvað lint. Hann varð að setjast. Samt hafði hann vitað að mamma hans átti von á barni.

“Jói, Jói, til hamingju með litla bróður þinn,” hrópaði Símon hinum megin á línunni. “Segðu eitthvað. Ertu ekki ánægður? Hann er með svartan hárlubba alveg eins og þú.”

Jói stundi eitthvað í símann. Jú, hann var ánægður. Já, það var gaman að hafa eignast lítinn bróður.

“Ég hringdi í morgun og sagði ömmu Kötu fréttirnar,” sagði Símon “en hún skellti bara á mig. Ég hélt að það hefði verið óvart svo að ég hringdi aftur, en þá sagði hún mér að hætta að trufla sig og skellti aftur á. Er ekki allt í lagi með gömlu konuna?”

“Jú, jú, allt í lagi,” sagði Jói og gjóaði augunum á ömmu Kötu. Hún sat í stól og þrjónaði eins og hún ætti lífið að leysa og svipurinn á henni var eins og stormsveipur. “Jú, það er allt í lagi með hana,” endurtók Jói. “Ég hringi aftur til þín seinna í dag.”

Jói varð að fara út til að fagna því að hafa eignast lítinn bróður. Hann þorði ekki fyrir sitt litla líf að tala við ömmu Kötu því að svipurinn á henni var ægilegur. Þess vegna hljóp hann nú út um allan bæ og reyndi að hemja brosið. Hann hafði eignast lítinn bróður! Hann hljóp og hljóp og brosti og brosti. Loks hljóp hann heim til Lalla og sagði honum fréttirnar.

“Komdu inn í stofu og segðu mömmu og pabba frá þessu líka,” sagði Lalli og tosaði Jóa með sér inn í stofuna. Þar sátu foreldrar hans og drukku kaffi. Þau föðmuðu Jóa og kysstu og óskuðu honum til hamingju með nýja bróðurinn.

“Það er bara svo skrítið með ömmu Kötu. Hún er bálreið yfir þessu,” sagði Jói vandræðalega.

“Nei, það er ekkert skrítið,” sagði pabbi hans Lalla. “Amma Kata er afbrýðisöm. Henni finnst að nú hafir þú eignast aðra fjölskyldu en sig. Kannski heldur hún að þér muni þykja meira vænt um litla bróður þinn en sig. Hún er jafnvel hrædd um að nú

viljir þú flytja frá henni og heim til litla bróður þíns.”
Pabbi hans Lalla var hlýlegur í röddinni.

Jói kinkaði kolli og allt í einu vorkenndi hann ömmu Kötú. Allt í einu skildi hann hana svo vel. Hún átti ekkert nema hann. Hún var bara gömul, fátæk kona. Hann ætlaði heim og faðma hana dálítið.

Nokkrum dögum seinna fór Jói með rútunni. Hann ætlaði að heimsækja litla bróður sinn. Amma Kata hafði verið þögul og örg en Jói vissi af hverju það stafaði og hann vissi líka að það myndi lagast um leið og hann kæmi aftur heim.

“Pési bullari kemur örugglega að heimsækja þig amma mín,” sagði hann og kyssti hana rembingskoss bless.

Og Pési bullari kom að heimsækja Kötuna sína. Það var allt í vitleysu hjá honum. Hvolpurinn var að gera hann vitlausan og Petra var búin að fá leið á að leika við hann. Nú vildi hún fara heim til Ameríku og sjá mömmu sína.

“Hún grætur og grætur og kallar mamma, mamma,” sagði Pési. Hann bar sig aumlega og tottaði pípuna sína í gríð og erg.

Svona fer fyrir þeim sem nennir ekki að ala krakkann sinn upp Pési minn,” sagði amma Kata og hresstist öll við. Hún hresstist alltaf þegar hún gat skammað einhvern. O jamm.

“Hvað á ég að gera Katan mín? Gefðu mér nú góð ráð,” kveinaði Pési.

“Láttu stelpuna fara. Þú kannt hvort sem er ekkert á svona stelpustýri. Hún dregur þig á asnaeyrunum þangað til þú verður alveg ringlaður. Hafðu mín ráð. Sendu hana aftur til Ammríku og hafðu hundinn hjá þér í staðinn. Þú ert sveitamaður Pési minn. Þú kannt að ala upp hund þó að þú kunnir ekki að ala upp stelpustrá.”

“Æ, heldurðu að ég ætti að gera það?”

“Já, ég er alveg viss.”

Amma Kata fór að syngja. Hún pípti eins og gamall skipslúður. Pési totaði pípuna sína.

“Hvenær ætlarðu að vaxa upp úr því að totta þetta árans snuð þitt?” spurði amma illilega.

“Jæja, heldurðu að ég ætti að reyna að ala hvolpinn svolítið upp,” sagði Pési hugsí og þóttist ekki hafa heyrt þessa athugasemd. Snúð, ekki nema það þó að kalla rándýra tóbakspípu SNUÐ!

8. kafli:

Ánamaðkar

Meðan Jói var í heimsókn hjá mömmu sinni og Petra grenjaði heima hjá afa sínum, fór Lalli upp að kofa

til að skoða ormana þar. Þeir voru óttalegar títlur, svo örmjóir og agnarlitlir. Það var sama hvert hann fór og hvað hann gróf djúpt, alls staðar var það sama sagan, ekkert nema smælki. Hann hitti krumma og henti til hans kjötbollu sem hann hafði tekið með sér. Krummi hoppaði í kringum bolluna og skrækti vinalega áður en hann tók til matar síns.

Loks nemti Lalli þessu ekki lengur og ákvað að fara niður í apótek og tala við pabba sinn. Kannski vissi hann um einhvern góðan stað þar sem ormar urðu risavaxnir. Hann hjólaði niður brekkuna og heyrði gargið í krumma fyrir aftan sig. Og gargið hætti ekki heldur fylgdi honum eftir. Krummi var að elta hann. Hann flaug klunnalega fram fyrir hann, settist á stein og virtist bíða eftir honum. Svo flaug hann aftur upp og vildi verða samferða. Hljóðin í krumma tóku stöðugum breytingum. Stundum var eins og hann gelti og stundum eins og hann væri að kvarta og kveina. Stundum ískraði í honum og stundum var eins og röddin í honum væri farin að ryðga. Lalli gat ekki annað en hlegið þar sem hann brunaði niður brekkuna með krumma-sönginn yfir sér.

Þeir komu inn í þorpið og krummi settist á húsið hennar ömmu Kötú. Þar sat hann meðan Lalli renndi hjólinu upp að apótekinu hans pabba síns.

Pabbi hans var einn í búðinni og brosti glaðlega þegar hann sá Lalla. Lalli sagði honum frá vandræðum sínum.

“Þetta eru bara litlir ræflar,” sagði hann vonleysislega. “Enginn almennilegur veiðimaður lítur við svona litlum ormum.”

En pabbi vissi ekki hvar Lalli gæti fundið stóra orma – og þó! Allt í einu var eins og hann myndi eitthvað – jú, hann vissi sko um orma.

“Ég man það núna. Þegar ég var krakki var maður hérna í þorpinu sem hafði af því dálitlar tekjur á sumrin að selja veiðimönnum orma. Hann ræktaði risastóra, skoska ánamaðka í garðinum hjá sér. Okkur strákunum fannst þeir líkari slöngum en ánamöðkum og vildum alls ekki koma nálægt þeim,” sagði pabbi hlæjandi.

Lalli beið spenntur eftir að pabbi segði honum meira en þá kom kona inn í apótekið og hann varð að bíða og bíða... en loks fór konan og pabbi hélt áfram:

“Manstu eftir gömlu konunni sem gaf þér Rolu?”

Lalli kinkaði kolli. Jú, hann mundi vel eftir henni. Hún bjó yst í þorpinu, næstum því uppi í sveit.

“Maðurinn með skosku ánamaðkana var maðurinn hennar. Nú er hann dáinn og ánamaðkarnir kannski líka, en kannski ekki. Þú ættir að fara og tala við hana.”

Það var farið að rigna þegar Lalli kom út og krummi virtist hvergi nálægt. Hann hjólaði ánægður í gegnum bæinn og yst í þorpið alveg þar til hann kom að litla húsi gömlu konunnar. En þar var dregið fyrir glugga og allt lokað og læst.

“Gamla konan er á spítala,” kallaði einhver út um gluggann á næsta húsi.

Lalli svipaðist um. Þarna í grenndinni voru gömul útihús og kálgarðar sem enginn virtist rækta lengur. Hann skildi hjólið eftir og gekk eftir mjóum götu-troðningi þar til hann kom að hálfhrundum kofa. Það rigndi og honum fannst það einmitt svo gott því að hann vissi að þá kæmu ormarnir frekar upp úr moldinni. Hann velti við steini – þar hvarf ormur eldsnöggt ofan í holu sína og hvílík hola! Gatið sem ormurinn skildi eftir var næstum eins breitt og fingurinn á Lalla. Skoskur ánamaðkur, tautaði hann og brosti út að eyrum. Og það rigndi og rigndi, það kom hellidemba en Lalli dansaði um eins og kátur indíáni. Hann hafði fundið gullnámu! Hann velti við nokkrum steinum og það var ekki um að villast – þeir voru hér þessir skosku maðkar, þessar slöngur og hann ætlaði að koma hingað aftur með fötu og ná í þá.

9. kafli:

Rauðhettuleikur

“Það er þessi bölvæði fugl,” hveinaði amma Kata. “Hann boðar ógæfu! Hvað er hann stöðugt að þvælast á mínu húspaki?”

“Ég skal reyna að reka hann burt amma mín,” sagði Jói. Hann var nú kominn aftur heim til ömmu sinnar. Amma Kata var ekki beint fúl en hún þurfti mikið að kvarta. Hún kvartaði yfir öllu. Það var eitthvað að. Og hún vildi ekki heyra minnst á þetta nýja barn. Hvað kom það henni við? Ekki var hún amma þess eða hvað? Nei, hún var útundan. Og til að henni liði sem allra verst var þessi ólukkans krummi stöðugt gargandi á húspakinu hennar. Ógæfufugl!

En það var ekki auðvelt að flæma krumma burt. Hann var hrifinn af þessu húspaki. Þar hoppaði hann um og gargaði daginn út og inn, þar til Pési bullari bauðst til að koma með byssu og skjóta hann.

“Nei Pési minn. Það má bölvæði krumma ræflinum út og suður en það má ekki skjóta hann, ekki meðan hann er í mínu umdæmi,” sagði þá amma og hætti snöggvast að vera í fýlu. En Jói fór upp í herbergið sitt, klifraði hálfa leið út um þakgluggann og reyndi enn einu sinni að reka krumma burt.

Hann gat ekki talað við ömmu um litla bróður en hann sagði Lalla frægðarsögur af þessu kríli daginn út og inn. Og bráðum átti að skíra hann. Þá ætlaði Jói að gefa honum gjöf, ekki einhverja smábarna-gjöf heldur gjöf sem passaði stórum og duglegum strák. Kannski veiðistöng eða vasahníf.

Lalli brosti bara og hlustaði þolinmóður á Jóa tala. Hann hafði sjálfur sagt frægðarsögur af Lovísu þegar hún var nýfædd og Jói hafði aldrei strítt honum með því. Nú var röðin komin að Jóa að monta sig af litla bróður sínum.

Það hafði margt gerst meðan Jói var í burtu. Petra var farin til Ameríku í heimsókn til mömmu sinnar og skildi afa sinn eftir með hvolpinn. Pési var orðinn nokkuð ánægður með hvolpinn. Hann fór út að ganga með hann á hverjum degi og hvolpurinn var farinn að skilja ýmislegt. Svo þótti Pardusi gaman að fara út að keyra með pabba sínum honum Pétri rithöfund. Já, það átti líklega betur við hann að ala upp hvolp en litla prinsessu.

En það besta af öllu var að Lalli hafði fundið þessa ánamaðka. Hvílíkir maðkar. Hreinustu slöngur. Þeir þurftu að hafa gúmmíhanska til að hafa geð í sér til að snerta þá. Veiðimennirnir urðu alveg himinlifandi yfir möðkunum og bóndinn ætlaði ekki að trúa eigin augum þegar hann sá þessi flykki.

Eitt kvöldið þegar Jói kom heim, þreyttur, svangur og skítugur eins og venjulega, bauð amma Kata honum upp á kakó. Hún snerist í kringum sjálfa sig í eldhúsinu og var ekki í neinni fýlu lengur. Eitthvað hafði gerst, það sá Jói. Hann gleypiti í sig allt sem amma setti á matborðið og drakk unaðslegt kakóið með.

“Hvað er að fréttu amma mín?” spurði hann varlega og gaut augunum á gömlu konuna.

“O, ekki neitt góurinn minn. Hér gerist aldrei neitt. En þó gerist stundum eitthvað. Ekki oft. Bara stundum. Og það held ég nú.” Hún lét sig detta í stólinn sinn, tók prjónana og fór að prjóna.

Jói vissi að eitthvað var á seyði en vildi ekki styggja ömmu með því að vera of forvitinn.

“Hvað ertu að prjóna amma mín?” spurði hann og fannst hann nú orðinn næstum því eins og Rauðhetta sem alltaf var að spyrja ömmu sína asnalegra spurninga.

“Ég er að prjóna sokka á strák. Ekki þig heldur annan strák. Strák sem á bráðum að fara að skíra. O jamm. Svona stórir og myndarlegir strákar verða að fá almennilega sokka til að ganga í. Íslenska ullar-sokka og hananú.”

Og Jói hélt áfram í Rauðhettuleiknum af því að amma virtist ánægð með það.

“Hvaða strákur er það amma mín?”

“Það er ömmustrákurinn minn hann bróðir þinn. O jamm.”

“Ertu að þrjóna sokka á bróður minn?” Jói stökk upp af stólnum af undrun.

“Nú, ekki getur krakkaanginn verið berfættur eða hvað? Býr hann kannski ekki á Íslandi eða hvað? Ekki býr hann í Ammríku o nei. Og hann þarf sína sokka og hananú! Hættu svo þessum eilífu spurningum.” Amma fór að syngja. Hún vældi og gólaði til skiptis og Jói vissi að best væri að láta hana eiga sig. En honum var heitt í hjartanu. Amma vildi eiga bróður hans með honum. Þau gætu talað um hann og hringt í hann og átt hann saman. Eitthvað hafði gerst en hann vissi bara ekki hvað. Kannski hafði mamma hans hringt í ömmu Kötú og boðið henni í skírnina. Hann fengi að vita það seinna.

10. kafli:

Allt er bleikt í Ameríku

Það gerðist ekki margt í litla fiskibænum þar sem Lalli og Jói bjuggu. En stundum gerðist þó eitthvað, eins og t.d. núna. Það átti bæði að skíra barn í litlu kirkjunni þeirra og líka að fara fram brúðkaup. Mamma hans Jóa vildi hvergi annars staðar gifta sig en þarna í litlu kirkjunni og auðvitað átti að skíra

barnið hennar þar líka. Símon var ánægður með það. Símon var alltaf ánægður með allt sem kærastan hans sagði og gerði. Hann var bara þannig hann Símon, þessi stóri, grófgerði maður. Hann var hamingjusamur ef kærastan hans var hamingjusöm.

En það voru tvær konur í þorpinu sem voru sérstaklega ánægðar með þessa hátíð sem var í vændum. Önnur þeirra var amma Kata. Hún hafði því mikilvæga hlutverki að gegna að halda barninu undir skírn og segja hvaða nafn það átti að fá. Hún var svo montin með sig að Jóa fannst nóg um. Hún bakaði pönnukökur og henti meira að segja einni út til krumma um leið og hún gólaði: “Guð launar fyrir hrafnninn, o jamm.” Svo gramsaði hún í öllum skápum og skúffum, dró dram gömul föt og viðraði. Ekki ætlaði hún að vera illa til fara með blessaðan ömmudrenginn í fanginu. O sussu nei.

Hin konan var ekki síður ánægð, en það var mamma hans Lalla. Hún átti að syngja einsöng í kirkjunni með lærðu röddinni sinni. Hún þurfti að æfa sig hátt og lengi alla daga svo að Lalla fannst hann myndi missa vitið. Hann var stöðugt sendur út með Lovísu og Rolu svo mamma fengi næði til að æfa sig. Hann þrammaði um þorpið með barnakerru og hund daginn út og daginn inn í hvaða veðri sem var. Það var eins gott að allir hvolparnir voru nú farnir. Ekki hefði hann viljað hafa þá líka í eftirdragi.

Og það var erilsamt hjá Jóa. Hann vildi hafa fallegt í kringum húsið þeirra ömmu Kötú þegar mamma og

Símon kæmu í þorpið. Nú komu peningarnir fyrir ánamaðkana að góðum notum. Hann lagaði til í garðinum, keypti falleg blóm og gróðursetti, málaði grindverkið og hjálpaði ömmu að gera hreint í húsinu. Svo keypti hann veiðistöng handa bróður sínum því að honum fannst hann ennþá of lítill til að eignast vasahníf. Hann gæti skorið sig á honum.

Það var eins og allt þorpið vildi taka þátt í þessari hátíð. Íþróttahúsið var skreytt hátt og lágt og konur bökuðu risatertur. Allir vildu vera með. Allir ætluðu að mæta, bæði krakkar og fullorðnir. Og mitt í öllum undirbúningnum hringdi Petra í afa sinn og sagðist vilja koma aftur til hans.

“Ég er svo heitt afi. Ég drepast. Ég vilja fá Pardus. Ég nenna ekki bara borða pizzur, plís afi minn, má ég koma aftur! Ég sakna þig elsku afi minn.”

Þegar Petra sagðist vilja borða hafragraut og saltfisk fékk Pési tár í augun. Litla prinsessan hans vildi íslenskan mat. Hún vildi hans mat. Og hún saknaði hans! Hann tók upp peningaveskið sitt og borgaði flugmiðann fyrir hana með glöðu geði. Og þegar amma Kata galaði hneyksluð yfir frekjuganginum í krakkagarminum sagði Pési:

“En Katan mín, viltu ekki að hún sjái þig halda barninu undir skírn?”

Þá hætti amma að gala og bauð honum upp á kaffi. Svona var nú þetta kvenfólk, hugsaði Pési og tottaði pípuna sína. Það þurfti sérstakt lag við það allt saman. En fáir kunnu betur á því lagið en hann Pétur

rithöfundur. Hann gæti sko skrifað heila bók um það hvernig átti að koma fram við erfiðar konur.

Svo kom Petra. Pési og Pardus fóru í bílskrjóðnum til að taka á móti henni á flugvellið. Þeir voru mættir næstum því klukkutíma áður en von var á flugvélinni af því að þeir voru svo spenntir að fá prinsessuna sína heim.

Lítil flugvél lenti á vellið og fyrsta manneskjan sem hoppaði út var auðvitað Petra. Hún var í snjóhvítum, þunnum fötum eins og hún væri að fara á sólarströnd. Hár hennar var í þúsund litlum fléttum og í hverri fléttu var skraut.

“Hún er sannkölluð prinsessa,” tautaði Pési brosandi við sjálfan sig þegar hann sá Petru.

Petra stökk um hálsinn á afa sínum og það hringlaði í skrautinu í fléttunum. Svo þreif hún Pardus upp og hvíslaði í eyra hans: “Æ lov jú Pardus.”

“Hann er hættur að pissa á gólfíð,” sagði Pési hreykinn og benti á Pardus. “Hann geltir þegar hann vill fara út að pissa.”

“Pardus, duglegur strákur,” hrópaði Petra.

“Og hann þekkir nafnið sitt,” sagði Pési og var montinn með sig.

“Ó, en duglegur strákur,” hrópaði Petra enn.

“Ég er nefnilega að ala hann upp. Hann á að verða fyrirmyndar hundur,” sagði Pési virðulega.

“Ó, en leiðinlegt,” sagði Petra þá fúl.

Pési lét sem hann hefði ekki heyrt þetta. “Segðu mér nú frá Ameríku,” sagði hann glaðlega.

Petra byrjaði að tala um Ameríku og hún talaði alla leiðina heim og hélt áfram að tala þegar heim kom. Voðalegt hvað barnið gat talað, hugsaði Pési.

“Ég kom með flott gjöf handa þig og Pardus,” sagði Petra. Hún opnaði ferðatöskuna sína og tók fram tvo pakka. Svo rétti hún afa sínum annan og henti hinum á gólfið hjá Pardusi. Pési opnaði pakkann sinn og dró úr honum bleika derhúfu. Á húfunni voru þrjú hjörtu og svo var skrifað stórum stöfum: I love you.

“Þú verður alltaf að vera með þessa húfu, annars veit ég að þú þykir ekki vænt um mig!” sagði Petra skipandi. “Settu hana á þig!”

Pési varð aumingjalegur. Húfan var eiginlega of þröng. Hann gat ekki hugsað með svona þrönga húfu á höfðinu. Svo var hún eiginlega líka asnaleg. Hvaða fullorðinn maður gekk um með bleika húfu þar sem á stóð asnaleg setning?

Petra horfði rannsakandi á afa sinn og fór svo að kjökra: “Þú finnst húfan ljót. Ég veit það. Ég sé það í augnunum þínum. Ég var fullt af klukkutíma að finna þessa fínu húfu. En þú finnst hún bara ljót!”

“Nei, elsku litla Petran mín. Afa finnst húfan dásamleg. Sjáðu hvað hún klæðir mig vel.”

“Já, þú ert æðisleg. Þú verður alltaf að hafa þessa húfu, annars verður ég sár.”

Og meðan Pési og Petra skoðuðu húfuna var Pardus í óða önn að naga pakkann sinn. Pakkinn var orðinn rennandi blautur af slefi og eitt hornið var afnagað.

“Pardus, duglegur strákur,” hrópaði Petra. Svo hjálpaði hún Pardusi að opna pakkann sinn. Það var bleik hundakápa! “Nú skaltu máta fínu kápan þín,” sagði hún, “þá verðurðu finn eins og amerísk hund.”

Pétur rithöfundur stundi áhyggjufullur. Kannski hann ætti að reyna að ala stelpustráið upp. Já, hann ætlaði að reyna það seinna.

11. kafli:

Dagurinn mikli

Loks rann upp dagurinn sem allir þorpsbúar höfðu beðið eftir. Veðrið var gott, hvorki rok né rigning. Mamma hans Jóa og Símon komu heim til ömmu Kötu með litla barnið sitt og Jói tók að sér að passa bróður sinn meðan mamma hans og amma snyrtu sig. Hann hvíslaði í eyra bróður síns:

“Segðu Jói bróðir, ha, reyndu að segja Jói bróðir.”

En sá litli hló bara og skríkti af því að hann var alveg nýr í þessum heimi og kunni ekki enn að tala. En þó að hann kynni ekki að tala sá Jói það í augunum hans að honum þótti vænt um stóra bróður sinn.

Jói var í nýjum fötum sem mamma hans hafði fært honum og amma Kata var með risastórt, rósótt sjál sem hún hafði átt í meira en fjörtíu ár. Og -amma Kata var líka með eyrnalokka! Og – hún var líka í dálítið háhæluðum skóm! Og – hún setti á sig varalit

sem mamma hans Jóa lánaði henni! Jói glápti á ömmu sína og fannst hún bara vera einhver ókunnug kona.

Smám saman mátti sjá prúðbúið fólk streyma til kirkjunnar. Það kom út úr öllum húsum, heilsaðist glaðlega og kallaði til hvers annars. Margir fóru fyrst út í íþróttahúsið með skrautlega pakka og skildu þar eftir. Þetta voru bæði brúðargjafir og skírnargjafir.

Pabbi og mamma hans Lalla fóru í bílnum til kirkjunnar. Lovísa var með þeim og Lalli var dauðhræddur um að hún myndi trufla þessa hátíð með því að grenja eða gera eitthvað álíka skemmtilegt en pabbi sagði honum að hafa engar áhyggjur.

“Ég fer bara með hana út í góða veðrið ef hún fer að skæla,” sagði hann hughreystandi.

En Lalli hafði fleiri áhyggjur. Hvað ef öllum þætti nú asnalegt að heyra mömmu hans syngja. Hvað ef fólkið púaði á mömmu hans meðan hún söng. Hún söng asnalega. Það var á hreinu. Lalla leið ekki vel. En þegar hann leit á brosandí andlit pabba þá fann hann til öryggis. Það var eins og hann vissi að ef pabbi væri nálægur þá myndi ekkert fara úrskeiðis. Og þegar hann leit á mömmu sína fannst honum hún líkjast drottningu, svo ánægð með sig og sigri hrósandi. Nei, hann þurfti líklega ekki að hafa neinar áhyggjur.


“Sjáið blessaðan hrafninn minn,” hvein í ömmu Kötur þar sem hún gekk upp að kirkjunni og benti upp í loftið. “Hann boðar gæfu þessi hrafn, það má nú segja, o jamm.” Hún horfði í kringum sig, ánægð og stolt og hlustaði á krumma dálitla stund. “Það var nú sagt í mínu ungdæmi að krumminn hefði mannsvit og ég held nú það.” Svo rölti hún inn í kirkjuna á háhæluðu skónum sínum með eyrnalokka í eyrum og vafði rósóttu sjalínu fast upp að sér.

En sú kona sem var fegurst þennan dag var mamma hans Jóa. Hún var í blúndukjól með blómahatt og Jóa fannst hún eins og álfamær. Það fannst Símoni líka og hann gat ekki tekið augun af kærustunni sinni eitt andartak. Litla barnið sveinsvaf í fangi pabba síns og Jóa sat sem í leiðslu.

Loksins heyrðust fyrstu tónarnir í orgelinu. Athöfnin var byrjuð. Allt leið hjá eins og í draumi. Allt var fallegt. Allt var gott, eða það fannst bæði Lalla og Jóa. Amma Kata hélt á litla barninu meðan presturinn fór með bænir. Svo spurði presturinn:

“Hvað á barnið að heita?”

Og þá svaraði amma Kata hátt og skýrt:
“Guðmundur Ægir.” Hún horfði yfir kirkjuna sigri
hrósandi.



Presturinn jós heilögu vatni yfir höfuð barnsins en Guðmundur Ægir hjalaði og hló eins og hann vildi segja að hann væri ánægður með þetta fína nafn.

Guðmundur Ægir. Nafnið söng í höfðinu á Jóa. Pabbi hans sem var löngu dáinn hafði heitið þessu nafni. Pabbi hans, strákurinn hennar ömmu Kötu, hafði drukknað. Nú hafði amma Kata fengið nýjan strák með sama nafn.

Svo söng mamma hans Lalla. Hún söng allt í einu svo fallega. Lalla fannst þetta varla vera sama rödd og hann heyrði heima hjá sér. Það var einhvern veginn allt öðruvísi að heyra hana syngja hér í kirkjunni heldur en heima í stofu. Hann horfði laumulega á fólkið í kringum sig og sá að það var ánægt með þessa lærðu rödd. Og þegar söngnum lauk klappaði Lovísa litla saman lófunum en pabbi var fljótur að láta hana fá bangsann sinn svo hún hætti að klappa. Það var nefnilega bannað að klappa í kirkjunni. Svona voru alls konar reglur sem fólk þurfti að kunna.

Þegar athöfninni var lokið var eins og þungu fargi hefði létt bæði af Lalla og Jóa. Þeir gjóuðu augunum hvor á annan og báðir vissu hvernig hinum leið. Presturinn tilkynnti að öllum væri boðið í kaffi og kökur í íþróttahúsinu. Fólkið gekk hægt út úr kirkjunni. Þarna hoppaði Petra í nýju, hvítu fötunum



sínum og skrautlegar fléttur dingu um hana alla. Pési var rjóður í vöngum og glaður á svip. Hann var feginn að hafa fengið prinsessuna sína til baka. Honum fannst eins og hann hefði sigrað Ameríku með því.

12. kafli:

Kata káta

Kirkjugestir streymdu inn í íþróttahúsið. Allir voru glaðir og ánægðir. Presturinn hafði haldið góða ræðu og allt hafði verið svo hátíðlegt. Nokkrir menn söfnuðust saman úti og ræddu málin. Pabbi hans Lalla var þar að tala við gamla vini sína þegar krummi settist gargandi á staur rétt hjá. Krummi vildi athygli. Hann krunkaði hátt og frekjulega, hoppaði af staurnum og færði sig nær mönnunum.

“Komdu greyið,” kallaði einn maðurinn hlējandi og veifaði bíllyklunum sínum til krumma.

En hann hefði ekki átt að gera það. Krummi flaug til hans og áður en maðurinn áttaði sig hafði krummi hrifsað af honum lyklana og flaug nú í burtu með þá. Maðurinn hrópaði og kallaði en krummi gegndi engu. Mennirnir fóru allir að hlæja nema sá sem átti lyklana og pabbi hans Lalla hló hæst.

“Áttu ekki aukalykil?” spurði hann þegar hann loks gat hætt að hlæja.

Maðurinn kinkaði kolli og var súr á svip.

“Ég skal keyra þig heim Svenni minn svo þú getir náð í aukalykilinn,” sagði pabbi og fékk annað hláturskast.

Og smám saman fór Svenni líka að hlæja að þessum klaufaskap í sér að vera að veifa skrautlegri lyklakippu framan í krumma. Hann hefði auðvitað átt að vita betur því að krummar eru bæði glysgjarnir og þjófóttir.

Inni í íþróttahúsinu hlóð fólk tertum á diska og fékk sér kaffi og gos með. Allir þurftu að faðma brúðhjónin og heilsa upp á litla Guðmund Ægi. Svo kom maður með harmonikku og fór að spila. Brúðhjónin dönsuðu fyrsta dansinn ein á gólfinu. Þau voru rjóð og feimin en þegar fleira fólk fór út á dansgólfið fór líf að færast í leikinn. Það var dansað og borðað og allir sungu og trölluðu. Skrítnast þótti Lalla og Jóa að sjá ömmu Kötudansu dansa við hina og þessa karla. Hún dansaði og dansaði á hælaskónum sínum og þó að hún brosti ekki mikið sáu strákarirnir að augun í henni glóðu af gleði. Hún hafði líka einu sinni verið kölluð Kata káta og þá höfðu allir viljað dansa við hana. Þá var hún ung en nú var hún gömul. Samt hafði hún engu gleymt. Það voru bara þessir ólukkans gömlu fætur sem voru með óþekkt og vildu ekki hreyfa sig mjög hratt. En allir karlarnir komu til hennar og buðu henni upp í dans. Þeir höfðu líka einu sinni verið ungir og flínkir að dansa en nú voru þeir líka orðnir gamlir með gamla, stirða fætur eins og Kata litla. Og Kata skammaði dansherrana sína.

Hún hafði alltaf skammað dansherrana sína, líka meðan hún var ung og létt á fæti.

“Hvurslagt er þetta. Heldurðu að við séum í einhverjum göngutúr? Þú átt að dansa en ekki bara labba um. Ertu alveg að gefast upp? Voðalegur rolugangur er þetta. Svona reyndu nú að halda takti maður.”

Hún tuðaði og tuðaði en körlunum var alveg sama. Þeir höfðu þekkt hana alla ævi. Svona var hún bara og svona vildu þeir hafa hana.

Pési sat við borð og hámaði í sig tertur. Hann var með eitthvað undarlegt á höfðinu.

“Hvað ertu eiginlega með á hausnum Pési litli,” spurði amma Kata hvasst.

“Ég er með húfu,” sagði Pétur.

“Hver heldurðu að sitji í veislu með húfu á hausnum og það líka svona asnalegt pottlok! Taktu þetta af þér á stundinni.”

“Nei, ég get það ekki. Hún Petra mín færði mér þetta frá Ameríku. Hún verður svo sár ef ég geng ekki alltaf með hana.”

Amma var svo hneyksluð að hún varð orðlaus og flýtti sér bara í burtu.

Það kom að því að Pési gat ekki borðað meira af tertum og ætlaði að fara að kveikja í pípunni sinni þegar Símon settist hjá honum og bauð honum vindil.

“Já, ætli ég prófi ekki einn svona,” sagði Pési ánægður. Svo púaði hann og púaði út í loftið. Þegar

Símon sá hvað Pési var ánægður með vindilinn gaf hann honum allan pakkann. En Pési sat og púaði svo rosalega að enginn vildi sitja nálægt honum og hann sjálfur sást varla lengur fyrir reyk.

Petra hoppaði um allt gólf. Hún þurfti ekki að dansa við neinn. Hún dansaði bara ein hún Petra. Hún lyfti upp kjólnum sínum svo að sá í nærbuxurnar, sparkaði af sér skónum og dansaði indíánadans. Skórnir hennar þvældust um allt, fólkið steig á þá og datt um þá og loks týndust þeir og fundust ekki aftur fyrr en veislan var búin. Þá voru þeir næstum því ónýtir.

“Það er allt í lagi,” sagði Petra. “Afi kaupir bara aðra skó handa mér. Miklu fallegri.”

Lalli og Jói þvældust um. Jói var dálítið afbrýðisamur af því að allir voru að hossa litla bróður hans. Hann vildi helst eiga hann einn. En hann vissi að það var smábarnalegt að láta þannig svo að hann reyndi að hugsa ekki um það. Og hann var viss um að þegar Guðmundur Ægir sæi veiðistöngina sem bróðir hans hafði keypt handa honum yrði hann ánægðasti strákur í heimi.



Loks lauk þessari veislu. Gestirnir kvöddu brúðhjónin og Guðmund Ægi. Pabbi Lalla keyrði ömmu Kötunni heim. Hún var örmagna af þreytu, með varalit út á kinn og bólgnar fætur, en skríkti af gleði yfir þessum stórkostlega degi.

“Sástu drenginn minn?” spurði hún pabba og horfði dreymandi út í loftið. “Hann leit út eins og hreinasti víkingur.”

En pabbi velti því fyrir sér hvort hún ætti við Jóa eða Guðmund Ægi. Það skipti sosum engu máli. Eflaust átti hún við þá báða því að báðir voru stórir og hraustir. Það var bara gott að gamla konan var sátt og ánægð.

Og mamma Lalla hjálpaði til við að bera allar gjafirnar inn í jeppann hans Símonar. Það var með naumindum að pakkarnir kæmust fyrir.

Nýju hjónin og Guðmundur Ægir brunuðu ánægð út úr þorpinu. Og þó að þau hefðu fengið margar gjafir, fannst fólkinu að þau hefðu gefið þessu þessu þorpi ennþá fleiri gjafir með komu sinni.

13. kafli:

Brjálaður fugl

Lalli og Jói hjóluðu í gegnum þorpið og Rola hljóp á eftir. Þeir voru með fötur sem dingluðu á stýrinu hjá þeim. Í fötunum voru litlar skóflur og garðgafflar.

“Eruð þið að fara í berjamó?” kallaði lítil stelpa til þeirra.

“Nei, við erum að fara í ormamó,” kallaði Jói á móti og hló.

Þeir lögðu hjólunum upp við gömlu útihúsin og settu á sig gúmmíhanska áður en þeir fóru að velta við steinum og grafa ofan í moldarbinga. Öðru hvoru mátti heyra þá hrópa glaðlega:



“Oj, þú ættir að sjá þennan. Hann er ógeðslegur!”

Þeir voru að tína ánamaðka.

“Ætli við getum ekki ræktað þá sjálfir?” spurði Jói og skoðaði risaánamaðk í lófa sér.

“Jú, það hlýtur að vera. Pabbi sagði að maðurinn sem bjó í litla húsinu þarna hafi ræktað þá og selt,” sagði Lalli.

“Hvað ætli þeir éti?” spurði Jói.

“Þeir éta jurtaleifar, laufblöð og svoleiðis, eða það stóð a.m.k. í kennslubókinni í skólanum,” sagði Lalli. “En ég held að þeir verði ekki nógu stórir ef þeir fá ekki eitthvað meira að éta en það. Þeir þurfa að verða bæði stórir og feitir. Kannski vilja þeir súkkulaði,” flissaði hann.

“Við þurfum að vita meira og þá getum við ræktað þá sjálfir uppi hjá kofa,” sagði Jói. “Það er ómögulegt að þurfa alltaf að hjóla alla leið hingað í hvert skipti sem okkur vantar orm. Kofinn okkar er nefnilega svo stutt frá bóndabænum. Það væri miklu betra að rækta ormana þar uppfrá.”

“Förum á bókasafnið í kvöld,” sagði Lalli. “Þar hljóta að vera til bækur með mataruppskriftum fyrir orma.”

“Við getum líka hringt í einhvern náttúrufræðing eða ormafræðing,” sagði Jói.

“Já, við finnum einhver ráð,” sagði Lalli.

Þeir sökktu sér ofan í dagdrauma þar sem þeir voru orðnir ríkir og voldugir ánamaðkabændur. Þeir ætluðu að rækta stærstu og ógeðslegustu ánamaðka landsins, slöngur sem enginn þyrði að snerta nema þeir og hörðustu veiðimennirnir. Og það voru engir smáfiskar sem bitu á slíka orma. Aðeins þeir stærstu!



Kaupið orma af Lalla og Jóa og veiðið stærstu fiskana í ánum! Þannig ætluðu þeir að auglýsa.

Rola kepptist líka við að grafa. Hún gróf og gróf svo að moldargusurnar gengu í bunum í allar áttir. Hún var reyndar ekki að leita að ormum. Hún var eiginlega ekki að leita að neinu. Hún var bara að grafa sína holu.

Loks voru strákarnir búnir að fá nóg af ánamöðkum að sinni. Þeir hjóluðu aftur inn í bæinn og Lalli kom við heima hjá sér með Rolu og skildi hana eftir. Síðan hjóluðu strákarnir upp löngu brekkuna, framhá hólnum þar sem kofinn þeirra kúrði og áfram út í sveitina. Þeir heyrðu krunkið í krumma í fjarlægð og allt í einu var hann kominn til

þeirra eins og gamall kunningi. Hann vildi fá brauðsneið eða kjötbollu eða bara rúllutertu.

En strákarnir voru ekki með neitt nesti. Það þótti krumma lélegt. Hann varð fúll og krunkaði hátt. Hann vildi mat sinn og engar refjar! Loks fauk í hann og hann lét sig falla ofan á herðarnar á Jóa og goggaði laust í hausinn á honum. Jóí átti hreint ekki von á þessari aðför. Stýrið á hjólinu snerist í höndunum á honum og hann hentist af hjólinu og langt út fyrir veg. Lalla var brugðið. Hann hafði hjólað fyrir aftan Jóa og var líka næstum því dottinn. Hann henti frá sér hjólinu og hljóp til Jóa sem lá í blautri mýri og snökti. En krummi hoppaði til og frá og gargaði af öllum kröftum.

Lalli varð allt í einu ofsareiður út í þennan svarta fugl. Hann greip stein og kastaði til hans en sem betur fór hitti steinninn ekki fuglinn, enda sá Lalli strax eftir þessu.

Jóí hafði ekki slasast illa, en það blæddi úr öðru hné hans og einnig fann hann til í öðrum handleggnum. Hann haltraði upp á veginn og öskraði á krumma að hann væri ljótur og leiðinlegur. En smám saman jafnaði hann sig.

Það var eins og krummi skynjaði reiði strákanna því að það sem eftir var leiðarinnar að bóndabænum hélt hann sig í fjarlægð og krunkaði aumingjalega eins og hann sæi eftir öllu saman.

Bóndinn tók glaðlega á móti strákunum og ormunum þeirra. Hann átti ekki nógu sterk

lýsingarorð til að lýsa þessum frábæru ánamöðkum sem þeir komu með og hann borgaði glaður í bragði hærra verð en nokkru sinni fyrr.

“Þetta er bara smá glaðningur í góða veðrinu,” sagði hann þegar strákarnir sögðu að nú væri hann búinn að borga of mikið. “Smá glaðningur af því að hún Branda litla hefur eignast einhver býsn af kettlingum.”

“Vá, er hún búin að eignast kettlinga? Hvað marga?” spurði Lalli spenntur.

“Einhverja hrúgu gæti ég trúað. Ég hef ekki talið þá ennþá, en eitt veit ég - hlaðan bókstaflega mjálmar öll af kettlingum.”

Strákarnir hlupu niður að hlöðunni og fikruðu sig áfram í hálförökkri þar til þeir heyrðu veikburða mjálm. Já, fullt af mjálmum! Þarna lá Branda sæl og ánægð með hrúgu af litlum mjálmandi kettlingum sem bröltu í kringum hana. Hún malaði þegar hún sá vini sína eins og hún vildi segja: Munið þegar þið funduð mig uppi í fjalli fyrir ári síðan? Þá var ég bara pínulítill, kaldur og hálf dauður villiköttur. Mér var svo kalt að ég gat ekki einu sinni mjálmað. En þið tókuð mig með ykkur heim og björguðuð lífi mínu.

Um kvöldið fóru strákarnir á bókasafnið en það var sama hvernig þeir leituðu, hvergi fundu þeir bók um ormaræktun. Lalli gekk að bókaverðinum sem var fín frú í bænum og spurði hana hvort hún vissi um einhverja almennilega bók um orma, helst þyrfti

hann að fá matreiðslubók fyrir orma. Frúin hristist öll þegar hún heyrði hann segja þetta orma-orð.

“Nei. Ormabók er ekki til á þessu bókasafni,” sagði hún með ógeð í svipnum. Matreiðslubók fyrir orma, ekki nema það þó! Það fór hrollur um konuna. En strákarnir gátu ekki að sér gert að flissa af henni í laumi.

“Pabbi á vin sem er náttúrufræðingur,” sagði Lalli. “Ég bið hann að hjálpa okkur.”

Þeir röltu heim til Jóa, en þegar Lalli sá bílinn hans Pésa fyrir utan húsið, hætti hann við að fara inn með Jóa.

“Ég nenni ekki að hitta Petru núna,” sagði hann. “Sjáumst á morgun!”

Jói var ekki heldur mjög spenntur fyrir því að hitta Petru núna. Hann var þreyttur eftir erfiðan dag og hann hafði hugsað sér að biðja ömmu Kötu að líta á sárið á hnénu. Hann opnaði dyrnar og á móti honum kom fullt af vindlareyk.

Pési sat við eldhúsborðið með bleiku húfuna á höfðinu og reykti stóran vindil. Jói flýtti sér upp í herbergið sitt. Ekki ætlaði hann að láta kæfa sig í vindlareyk. Nei, hann gæti bara sjálfur þvegið sárið og sett á það plástur.

14. kafli:

Eldur

En þessa nótt vaknaði Jói við ógurleg læti. Eitthvað barðist stöðugt í þakið á húsinu og þar sem hann svaf í risinu var eins og hljóðin bergmáluðu í hausnum á honum. Það heyrðist hávært garg og enn glumdu högginn á húspakinu. Hvað var eiginlega á seyði? Jói reis upp í rúminu og opnaði þakgluggann. Þarna var krummi og hann var alveg snarbrjálaður. Hann hoppaði um þakið og krunkaði stöðugt eins og hann væri orðinn vitlaus.

“Farðu burt asninn þinn,” kallaði Jói. Hann tók gamlan strigaskó og henti í krumma en krummi lét sem hann sæi það ekki. Hann hamaðist sem óður væri og nú flaug hann gargandi alveg ofan í Jóa eins og hann ætlaði að ráðast á hann. Jói var dauðhræddur við þennan brjálaða fugl en þá allt í einu fann hann lykt – hann fann brunalykt. Það var greinilegt að einhvers staðar var kviknað í. Það var eins og hjartað í Jóa hrapaði, svo mikið brá honum. Þetta litla timburhús myndi fuðra upp á svipstundu ef kviknaði í því – og nú var líklega kviknað í því!

Eldsnögg renndi hann sér úr glugganum og hentist út úr herberginu sínu. Hann flaug niður stigann og inn í herbergi ömmu Kötu.

“Amma, það er kviknað í! Komdu fljótt út!”
öskraði hann.

En amma Kata kíkti bara á hann með öðru auganu og hélt svo áfram að hrjóta.

Jói sá hvorki eld né reyk en fann brunalykt. Hann ákvað að kanna málið áður en hann reyndi aftur að vekja ömmu. Hann æddi um húsið. Það var fljótgert því að þetta var mjög lítið hús og þarna var enginn eldur. Svo fór hann út og þá sá hann hvað var að gerast. Ruslatunнан stóð upp við húsið og eldtungurnar stóðu upp úr henni. Þær sleiktu litla timburhúsið og Jói vissi að hér var aðeins um nokkrar mínútur að ræða þar til kvikna myndi í húsinu. Hann æddi að vatnsslöngunni í garðinum en hún var bæði stutt og ræfilsleg og svo langt í burtu að hún náði ekki að sprauta alla leið að tunnunni. Í skelfingu sinni reif hann slönguna af og hljóp af stað með hana að eldinum. Asni var hann. Hvaða gagn var að tómri slöngu? En hann gat ekki stöðvað sjálfan sig. Hann æddi bara áfram með slönguna og allt í einu vissi hann hvað hann ætlaði að gera. Hann fór með annan enda slöngunnar í eldhúsvaskinn og reyndi að troða henni á kranann þar, en hendur hans skulfu svo mikið að hann réði ekki neitt við neitt.

Smám saman gerði hann sér grein fyrir því að slangan var of mjó fyrir eldhúskranann. Þá æddi hann inn í þvottahúsið. Þar var slanga sem var allt of stutt. Jói reif hana af og allt í einu var hann ekki svo skjálfhentur lengur. Hann tróð garðslöngunni upp á

kranastútinn og skrúfaði frá vatninu. Svo hljóp hann með hinn enda slögunnar út á tröppurnar og lét buna á eldinn.

Honum fannst óratími líða þar til eldurinn loks lét undan. Þá var bárujárnið á húsinu allt orðið svart þar sem tunnan var og kolsvartan reyk lagði um garðinn. En þó að eldurinn virtist slokknaður gat Jói ekki hætt að sprauta vatninu í tunnuna og á húsið og á garðinn...

“Við skulum taka við þessu Jói minn,” sagði nú einhver og tók við slöngunni af Jóa. “Farðu inn og athugaðu hvort ekki sé allt í lagi með ömmu þína.”

Svenni, maðurinn sem hafði misst bíllyklana sína til krumma, stóð á tröppunum hjá Jóa og hélt utan um hann og fleira fólk hafði safnast saman í garðinum. En Jói skalf og skalf. Hann skildi ekkert í þessum skjálfta. Loks staulaðist hann inn í herbergið hennar ömmu Kötu. Hún lá og hraut hástöfum en Jói lét sig síga ofan á gólfið. Þar sat hann og hágrét. Hann gat ekki hætt að gráta hvernig sem hann reyndi. Hann grét bara og grét, lengi, lengi.

En smám saman róaðist hann og gráturinn hætti. Hann var líka hættur að skjálfa. Nú var hann bara ógurlega þreyttur. Alveg örmagna. Hann heyrði mannamál og staulaðist út að glugganum. Fyrir utan stóð slökkviliðsbíllinn og nokkrir menn og konur sem höfðu safnast saman og ræddu málin. Gegnum kliðinn heyrði Jói krunkið í krumma sem sat á þakinu og krunkaði ámatlega eins og hann ætti ógurlega bágt. Jói náði í hráan kjötbita sem amma hafði tekið úr frysti og ætlaði áreiðanlega að hafa í matinn næsta dag. Hann fór upp í herbergið sitt, opnaði þakgluggann og lét kjötbitann út á þakið. Krummi vappaði til og frá, kíkti á Jóa og kjötbitann til skiptis, greip svo bitann og flaug með hann í burtu.

“Takk fyrir hjálpina,” hvíslaði Jói á eftir krumma.
“Takk fyrir hjálpina.”

15. kafli:

Allt er gott sem endar vel

Lalli hlustaði á mömmu sína og pabba tala um brunann sem hafði orðið um nóttina. Krumminn hafði bjargað lífi þeirra ömmu Kötú og Jóa, það var alveg víst. Menn vissu af hverju bruninn hafði orðið. Logandi vindli hafði verið hent í ruslatunnuna. Auðvitað hafði það verið óvart, það vissu allir og það vissu líka allir hver hafði átt þennan vindli. En enginn vildi tala um það. Líklega hafði amma Kata losað öskubakkann þegar Pési var farinn um kvöldið og þá hafði ekki enn verið dautt í vindilskömminni. Það var gott að gamla konan hafði farið með ruslið út í tunnu. Annars hefði kviknað í húsinu.

Íbúar þorpsins komu sér saman um að vera ekkert að segja ömmu Kötú frá þessum bruna. Hún hafði sofið og ekki tekið eftir neinu. Það var óþarfi að segja henni frá þessu. Jóa hafði unnið þrekvirki. Hann dó ekki ráðalaus drengurinn sá.

En Pétur rithöfundur gekk um gólf heima hjá sér og leið hörmulega. Hann gæti aldrei látið sjá sig aftur í þorpinu. Hann hafði næstum því brennt bestu vini sína inni. Allt út af þessum árans vindlum. Hann var hættur að reykja. Ætlaði aldrei, aldrei aftur að reykja. Hann tók pípuna sína og vindlana og henti í ruslið.

Síminn hjá Pétri hringdi. Það var amma Kata.

“Komdu nú og fáðu þér kaffitár Pési minn,” sagði amma. Hún virtist í góðu skapi. Ef hún bara vissi... hugsaði Pétur. Ef hún bara vissi, þá myndi hún ekki hringja í hann og bjóða honum kaffi.

“Æ, ég held ég sé að verða eitthvað veikur,” sagði Pési aumingjalega í símann. “Ég ætla ekkert að fara út í dag.”

“Ég hlusta ekki á svona rugl. Farðu út í bílinn þinn og komdu strax í kaffi,” skipaði amma.

Og Pési vissi að hann gæti ekki endalaust falið sig í sínu húsi. Hann þyrfti t.d. að fara og kaupa í matinn og hann þyrfti að keyra Petru til vinkonu sinnar og ... Hann varð að finna einhver ráð til að bæta fyrir það sem hann hafði gert svo hann gæti fundið frið í sálinni. Hann hringdi í manninn sem átti apótekið. Það var góður og gáfaður maður sem alltaf átti góð ráð handa öllum. Hann myndi áreiðanlega geta hjálpað honum.

Pabbi hans Lalla varð undrandi þegar Pétur rithöfundur hringdi til hans og sagði honum frá vandræðum sínum.

“Aumingja Pétur var alveg niðurbrotinn. Það munaði minnstu að hann væri grátandi blessaður maðurinn,” sagði pabbi.

“Það er nú ekkert skrítið,” sagði mamma. “Hann var næstum því búinn að brenna niður húsið og fólkið með!”

“Já, auðvitað er það voðalegt. Við verðum samt að hjálpa honum að bæta fyrir þetta. Ekki er betra að hann þori aldrei aftur að heimsækja Kötú gömlu. Hún yrði nú ekki ánægð með það.”

“Ég veit hvað hann getur gert,” sagði Lalli. “Hann getur málað litla húsið. Það er allt svart af sóti þar sem eldurinn var. Pési getur þrifið sótið af og málað húsið í fallegum lit.”

“Þetta er frábær hugmynd,” sagði pabbi. “Ég hringi strax í Pétur og læt hann vita um þessa uppástungu þína.”

Seinna þennan dag brunaði Pési á bílskrjóðnum sínum inn í þorpið. Honum leið illa og þorði varla að líta upp. Hann laumaði sér inn í búðina og bað um málningu. Kaupmaðurinn vissi hvað hafði gerst. Hann vissi líka að Pétri leið illa og vorkenndi honum.

“Hvað ætlarðu að fara að mála,” spurði kaupmaðurinn góðlega.

“Æ, ég var að hugsa um að mála húsið hennar Kötú gömlu,” stundi Pétur.

“Það var fallega hugsað,” sagði kaupmaðurinn.

“Ja, hvað get ég gert? Hvernig get ég bætt fyrir hegðun mína?” Pési var voðalega aumur.

“Þú getur haldið áfram að heimsækja gömlu konuna og færa henni súkkulaðitertu eins og þú hefur alltaf gert. Enginn í þorpinu hefur verið henni betri en þú,” sagði kaupmaðurinn hlýlega. Svo rétti

hann Pési dós með einhverju í. “Hérna, fáðu þér tóbakskorn. Það kemur í staðinn fyrir reykingarnar,” sagði hann.

Pési tók nokkur korn milli fingranna og saug þau upp í nefið á sér. “Já, þetta er ansi gott,” sagði hann ánægður.

“Hérna, hafðu dósina,” sagði kaupmaðurinn.

“Þakka þér fyrir,” hvíslaði Pétur hrærður. Hann þurrkaði lítið tár úr augnkróknum og stakk tóbaksdósinni í vasann. Svo borgaði hann kaupmanninum fyrir málninguna og þorði nú loksins að ganga uppréttur. Hann kom við í bakaríinu og keypti svolitla súkkulaðitertu. Lífið var að verða aftur gott.

“Þú ætlar þó ekki að troða þessum ópverra upp í nefið á þér strákur,” hvein í ömmu Kötur þegar Pétur tók upp tóbaksdósina og fékk sér í nefið.

“O jú, þetta er svo hressandi og miklu betra en vindillinn.”

“Hvaða almennilegir menn heldurðu að stífli á sér nasirnar og geti svo varla andað á eftir. Hvurslags hegðun er það nú? Settu það þá heldur upp í þig skinnið mitt ef þú þarft endilega að vera með þennan ópverra.”

En Pétri fannst það ógeðfelld tilhugsun að setja tóbakið upp í sig fyrst hann gat ekki reykt það. Þau þrösuðu svolitla stund en svo sýndi Pési ömmu

málningardósirnar og bað um leyfi til að fá að mála húsið.

“Þó það nú væri að ég gæfi þér leyfi til þess,” söng amma. En það verður að vera hvítt. Ég vil ekki sjá neinn afbrigðilegan lit á mínu húsi. Almennileg hús eiga að vera hvít með rauðu þaki og hananú!”

Og Pési var heppinn. Hann hafði einmitt keypt hvíta málningu. Hann setti á sig bleiku húfuna, fór út í garð og byrjaði að hræra í málningunni í gríð og erg. En eitthvað pirraði hann. Hann gat varla hrært með þessa húfu á hausnum. Og hann gat varla andað með þetta tóbak í nefinu. Hann sá Petru litlu koma hoppandi eftir götunni með bleikan hund í eftirdragi og þá vissi hann að hann yrði að takast á við vandamálin sín. Hann tók upp vasaklút og snýtti sér rösklega. Svo andaði hann djúpt með nefinu og tautaði fyrir munni sér: “Ósköp er gott að geta andað. Best að skila kaupmanninum aftur þessari tóbaksdós.” Því næst þreif hann af sér húfuna og nuddaði rösklega á sér hausinn, alveg þangað til hann fann að blóðið var farið að renna þar aftur frjálst og eðlilega. Og hann tautaði: “Ósköp er gott að geta hugsað.”

Petra kom hoppandi til afa síns. “Afi, þú verða að hafa húfuna þína!” skipaði hún.

“Ég ætla að gefa þér aftur húfuna. Þetta er hálfgerð stelpuhúfa og allt of lítil fyrir svona stóran og gáfaðan haus eins og minn. Hérna, hafðu þetta á litla kollinum þínum,” sagði Pétur rithöfundur virðulega.

“Fullorðnir menn vilja ekki vera með bleikar húfur. Eitt enn Petra litla; klæddu hundinn strax úr þessum asnalega búningi. Almennilegir hundar eiga ekki að líta út eins og dúkkur.”

“Ertu orðinn alveg snarbrjáluð afi,” gargaði Petra og hristi höfuðið svo að hringlaði í öllum fléttunum.

“Svona, hlýddu afa þínum Petra litla. Hlýddu strax annars verður afi gamli reiður!”

Petra horfði undrandi á afa sinn. Afi reiður? Þessi orð hafði hún aldrei áður heyrt. Og undrandi Petra klæddi Pardus úr kápunni. Pési tók kápuna, horfði á hana dálitla stund og sagði svo ánægður:

“Þetta er finasta kápa. Ég get klætt skrímslin mín í hana.” Hann lagði frá sér kápuna og hélt áfram að hræra í málningunni, en Petra hoppaði í burtu, hneyksluð á þessum nýja afa sem hlýddi engu sem hún skipaði. Hún vissi ekki hvort hún ætti að hlæja eða gráta.

Meðan Pétur þreif sótið af litla húsinu og málaði það hvítt voru Lalli og Jói uppi hjá kofa að hlaða grill. Þeir höfðu keypt sér grillkol og fullt af kjöti og hugsuðu sér gott til glóðarinnar. Kartöflugrösin í garðinum þeirra voru orðin stór og rabbarbarinn alveg rosalegur.

“Þetta er eins og mannætuplanta,” hló Lalli og benti á rabbarbarann, en hann var búinn að skjóta upp löngum stiklum sem voru miklu hávaxnari en strákarnir og blómstraði nú hvítum blómum.

“Þetta er rabbarbari með ofvaxið sjálfsálit,” sagði Jói gáfulega. “Við ræktum viðbjóðslega ánamaðka og brjálaða rabbarbara!”

“Já og svo eigum við svartan, snargeggjaðan vin sem ætlar að fara að lenda hér hjá okkur núna,” sagði Lalli.

Krummi krunkaði vinalega og settist rétt hjá þeim. Hann hoppaði um og vildi rabba við þá. Strákarnir krunkuðu á móti og þeir þrír töluðu lengi saman.

“Passaðu að hann ræni ekki grillkjötinu okkar,” hrópaði Jói allt í einu upp.

Þeir sáu hvar krummi hafði lætt sér nær og nær kjötinu. Um leið og hann krunkaði vinalega var hann að undirbúa rán af miklum klókindum. Lalli stökk til og rétt náði að forða kjötinu frá hinum svarta ræningja en krummi gargaði geðvonskulega þegar hann sá að hann hafði misst af fengnum.

“Þú færð þinn bita þegar við erum búnir að grilla,” kallaði Jói hlæjandi til hans.

Strákarnir kveiktu í kolunum og settu grind yfir. Svo röðuðu þeir kjötinu á grindina ásamt stórum tómötum og smurðum brauðsneiðum. Þeir voru orðnir hinir bestu kokkar. Krummi vappaði um í grenndinni og virtist vera í fýlu. Hann kom þó fljótt þegar Jói kallaði til hans. Hann hafði skorið mestalla fitu af kjötinu og gaf nú krumma.

Meðan Jói grillaði var Lalli að þrífa kofann. Vinirnir ætluðu að gista í honum í nótt. Lalli hafði sópað út öllum flugum og einnig hafði hann hreinsað

burt kóngulóarvefi og annan óþverra. Það var nóg að gera á stóru heimili. Svo settust þeir við grillið, stungu löngum göfflum í matinn og hámuðu hann í sig af bestu lyst. Og eftir matinn lögðu þeir sig við lækjarbakkann, hlustuðu á niðinn í læknum og röbbuðu saman. Þetta hafði verið viðburðaríkt sumar og það var ekki síst svarta vini þeirra að þakka.

En krummi vissi ekkert um málið. Hann hámaði í sig fituna sem Jói hafði skorið af kjötinu og var ánægður með hvað þessir strákar voru duglegir að útvega honum mat í gogginn. Svo krunkaði hann dimmum rómi og flaug þyngslalega í burtu. Hann þurfti að athuga ýmislegt þarna í nágrenninu eins og t.d. hvort einhvers staðar væru egg í hreiðri sem hann gæti nælt sér í. En hann ætlaði örugglega að koma aftur snemma næsta morgun og fá sér morgunverð með þessum strákum. Honum fannst nefnilega mannamatúr góður, nema þetta rauða sem strákarnir kölluðu tómát. ☀